



FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR ÍSLANDSSJÓÐA HF.

3. apríl 2025, kl. 15:30

Norðurturn, 9. hæð, Hagasmára 3, 201 Kópavogi

Salur: Katla

I. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri Íslandssjóða, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Birgir Ottó Hillers yrði kosinn fundarstjóri fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tillögu og var hún samþykkt samhljóða. Fundarstjóri þakkaði traustið og gekk til dagskrár.

II. Kosning fundarritara

Gerð var tillaga um að Helena Guðjónsdóttir yrði kosin fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

III. Lögmæti fundarins

Fundarstjóri tók fram að til fundar hefði verið boðað þann 19. mars sl. sem væri í samræmi við samþykktir félagsins um tveggja vikna fyrirvara og væri fundurinn því löglega boðaður. Í fundarboði var greint frá þeim málefnum sem taka bæri fyrir á fundinum, auk þess sem tillögur stjórnar voru sendar hluthöfum innan lögboðins frests. Á fundinn var mætt fyrir hluthafa sem hafa yfir að ráða meira en helmingi hlutafjár. Fundurinn væri því lögmætur.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

IV. Boðuð dagskrá

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
- Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2024.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykkis.
- Kosning stjórnar: Kosning stjórnarformanns, varaformanns og meðstjórnenda.
- Kosning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar.
- Kosning endurskoðunarfélags fyrir félagið.
- Önnur mál löglega fram borin.

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár

Fundarstjóri gaf stjórnarformanni orðið.

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar síðastliðið starfsár hvað varðar helstu atriði í rekstri Íslandssjóða. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins 433 milljónum króna. Rekstrartekjur námu 2.090 milljónum króna og rekstrargjöld námu 1.542 milljónum króna árið 2024. Eignir í stýringu námu um 364 milljörðum króna í árslok. Eigið fé nam 1.911 milljónum króna

samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins. Eiginfjárhlutfall félagsins var 39,7%, en lögbundið lágmark er 8%.

Þá fór stjórnarformaður yfir starfsemina á starfsárinu og stjórnarhætti. Greint var m.a. frá að á starfsárinu 2024 voru haldnir 14 stjórnarfundir, tveir fundir í endurskoðunarnefnd og einn fundur í starfskjaranefnd. Stjórn Íslandssjóða metur árlega störf sín, undirnefnda og framkvæmdastjóra.

Því næst var upplýst um að Íslandssjóðir hafa hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndafyrirtæki í góðum stjórnarháttum árlega frá árinu 2013 og að félagið hafi fengið viðurkenningu frá Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki ásamt því að hafa verið valið fyrirmyndafyrirtæki í rekstri af Viðskiptablaðinu og Keldunni.

Að lokum greindi stjórnarformaður frá vegferð Íslandssjóða í ábyrgum fjárfestingum ásamt því að góður árangur væri í starfsemi félagsins út frá ólíkum mælikvörðum, þar á meðal í tengslum við markaðshlutdeild, langtímaávöxtun, starfsánægju og vöruþróun. Þá þakkaði stjórnarformaður starfsfólki og stjórnendum fyrir vel unnin störf á liðnu ári.

Framkvæmdastjóri tók næstur til máls og fór yfir helstu verkefni og áskoranir ársins 2024 og lykiltölur í rekstri. Einnig var sagt frá stöðunni á innlendum sjóðamarkaði á árinu 2024. Að mati framkvæmdastjóra einkenndist árið framan af af varnarsigrum hjá sjóðum í rekstri Íslandssjóða í ljósi óhagstæðra markaðsaðstæðna en undir lok árs fór að rofa til og markaðir tóku við sér. Markaður með verðbréfa- og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta stækkaði í heild um 75 milljarða króna eða um 12% á árinu og þar af stækkuðu sjóðir Íslandssjóða um 15,3 milljarða króna eða um 8%.

Framkvæmdastjóri fór því næst yfir markaðshlutdeild verðbréfa- og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og samanburð við samkeppnisaðila og sjóðamarkaðinn í heild en markaðshlutdeild Íslandssjóða var um 28,1% í árslok.

Framkvæmdastjóri fór svo yfir stöðuna á verkefnum innan sérhæfðra fjárfestinga og stefnu sviðsins.

Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir árangur sjóða á árinu 2024 og samanburð við samkeppnisaðila, árangur eignastýringar á árinu og sóknartækifæri á þeim markaði.

Fundarstjóri þakkaði stjórnarformanni og framkvæmdastjóra og gaf orðið laust. Enginn tók til máls um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.

2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Fundarstjóri bar ársreikning Íslandssjóða fyrir árið 2024 til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2024

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn. Lagt var til við aðalfund að greiða út arð að fjárhæð 433 milljónir króna vegna reikningsársins 2024.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki starfskjarastefnu félagsins, sem samþykkt hefur verið af starfskjaranefnd og stjórn, en stefnan tekur engum efnislegum breytingum frá samþykkt síðasta aðalfundar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar: Kosning stjórnarformanns, varaformanns og meðstjórnenda

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim aðilum sem gefið hafa kost á sér til setu í stjórn félagsins og varastjórn.

Aðalmenn:

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, stjórnarformaður
Kristján Björgvinsson, varaformaður
Jensína Kristín Böðvarsdóttir
Sigurður B. Stefánsson

Varamenn:

Steinunn Bjarnadóttir
Hólmfríður Einarsdóttir

Stjórnin var sjálfkjörin þar sem ekki bárust aðrar tillögur um stjórnarmenn og engin mótframboð komu fram.

6. Kosning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins

Lagt var til að aðalfundur kjósi Þorgerði Marinósdóttir, löggiltan endurskoðanda, sem utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar við aðalfund fyrir fundinn um að aðalfundur samþykki að þóknun til hvers stjórnarmanns hækki um 3,5% frá því sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins og verði eftirfarandi:

Stjórnarmenn fái kr. 320.000 hver á mánuði, stjórnarformaður fái kr. 640.000 á mánuði og varamenn kr. 127.000 fyrir hvern setinn fund og að varamenn fái greitt fyrir einn stjórnarfund í upphafi starfsárs óháð mætingu.

Nefndarmenn endurskoðunarnefndar fái kr. 249.000 á ári og formaður kr. 312.000 á ári.

Nefndarmenn starfskjaranefndar fái kr. 122.000 á ári.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

8. Kosning endurskoðunarfélags fyrir félagið

Lagt var til KPMG ehf. verði kosið sem endurskoðunarfélag Íslandssjóða.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál löglega fram borin

Fundarstjóri spurði því næst hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Ekki voru fleiri mál borin upp en Jón Guðni Ómarsson, fulltrúi hluthafa, bað um orðið. Þakkaði hann m.a. stjórnendum, starfsmönnum og stjórn fyrir góða frammistöðu við krefjandi markaðsaðstæður og tók fram að framundan sé farvegur fyrir framsæknar hugmyndir og tækifæri til vaxtar.

Fundarstjóri þakkaði Jóni fyrir erindið. Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að ganga frá fundargerð í samráði við fundarritara og sagði fundarstjóri aðalfundi Íslandssjóða árið 2025 slitið kl. 16:44.

Kópavogur, 3. apríl 2025

Helena Guðjónsdóttir

Fundarritari

Birgir Ottó Hillers

Fundarstjóri